



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu Landsmóts hestamanna
Skagafirði
6. júlí 2002**

Ágætu landsmótsgestir
Skagafirðingar, hestamenn
víða að úr veröldinni,
Your Royal Highness, friends and admirers of the Icelandic horse

Við fögnum enn á ný og erum hér saman komin til að hylla íslenska hestinn, þakka þjónustu hans í þúsund ár og gleðjast yfir framlagi hans til þess orðstýs sem Ísland nýtur nú í veröldinni.

Það er galdur í því fólginu að hesturinn sem fylgdi landnámsfólki yfir hafið sé á öld hinnar miklu alþjóðavæðingar orðinn tákn fyrir kjarnann í íslenskri tilveru, samspil sögu, menningar og fegurðarinnar sem í landinu býr; fjöll og fossar, straumþungar ár og grænir balar, hraunbreiður og eyðisandar, allt litróf náttúrunnar er sjónaspil og hesturinn gefur augnablikinu æðra gildi, reisin hans og lipurð sá lífsneisti sem gerir stundina ævarandi í minningunni.

Skagafjörður er svo sannarlega glæsileg umgjörð um þessa hyllingarhátíð, landsmót þar sem gæðingarnir eru hetjur dagsins og árangurinn í ræktun íslenska hestsins birtist okkur í skýrastri mynd.

Hesturinn hefur gert þúsundir í öðrum löndum að hollvinum Íslands og við fögnum hér í dag fjölda góðra gesta sem komnir eru um langan veg til að gleðjast með okkur.

We rejoice today at seeing so many friends of the Icelandic horse assembled here in Skagafjörður and we are especially honoured to have Her Royal Highness The Princess Royal as our special guest.

Her dedication to the promotion of international sports through her membership of the Olympic Committee and her outstanding knowledge

of horses and horsemanship make the participation of the Princess Royal a landmark event in the history of the Icelandic tournament.

We hope that Your presence here in Skagafjörður will enable Your Royal Highness to appreciate the uniqueness of the Icelandic horse and bring You into the international community of its admirers, many of whom have travelled from afar to be with us here today. We indeed wish every one of you a warm welcome with all our hearts.

Ár af ári hafa kunnáttumenn og knapar góðir sýnt okkur gæðinga sem bera af og framfarirnar halda áfram að vekja aðdáun okkar hinna. Það er líka mikils vert að virðingin fyrir íslenska hestinum hefur vaxið jafnt og þétt og öll umgjörð reiðmennskunnar býr nú rækilega að þeim brag sem hæfir sessi hestsins í menningu og sögu þjóðar okkar.

Á þessari hátíðarstundu færi ég öllum þeim sem hér hafa um áraraðir að verki komið einlæggar þakkir og vona að framlag þeirra verði til að tryggja íslenskri hestamennsku sæmdarsess um ókomna tíð.

Við eigum einstaka auðlind í hestinum okkar, auðlind sem gleður og nærir sálarlífið á góðum stundum, auðlind sem gefur fegurð landsins nýjar víddir, auðlind sem skapar dýrmætar tekjur í þjóðarbú.

Landsmót eru því þakkarhátíð og Skagfirðingar eru nú sem áður höfðingjar heim að sækja.

Ég óska Landssambandi íslenskra hestamanna allra heilla og þátttakendum til hamingju með þessa gleðidaga.